

Frumvarp til laga um sjálfstæða mannréttindastofnun Íslands.

1. gr.

Mannréttindastofnun starfar á vegum Alþingis. Meginhlutverk hennar er að efla og vernda mannréttindi á Íslandi eins og þau eru skilgreind í stjórnarskrá, lögum, alþjóðasamningum og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum.

2. gr.

Mannréttindastofnun er í störfum sínum óháð fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi. Forsætisnefnd getur þó ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál er falla undir starfsemi Mannréttindastofnunar.

3. gr.

Mannréttindastofnun sinnir hlutverki sínu einkum með því að:

- a. Vera stjórnvöldum til ráðgjafar á öllum sviðum er varða eflingu og vernd mannréttinda. Þessa ráðgjöf getur stofnunin veitt í formi skýrslna, álitsgerða og tillagna um hvaðeina er varðar mannréttindi. Stofnunin getur ákveðið að birta þessi skjöl.
- b. Veita umsagnir um alla löggjöf, lagafrumvörp og stjórnsýsluframkvæmd sem varðar mannréttindavernd. Stuðla þannig að því að löggjöf og stjórnsýsla séu í samræmi við alþjóðlega mannréttindasamninga sem stjórnvöld eiga aðild að og að réttindi sem þar er kveðið á um séu virt.
- c. Fjalla um ástand mannréttindamála í landinu, vekja athygli stjórnvalda á hugsanlegum mannréttindabrotum og leggja fram tillögur að úrbótum.
- d. Vera í samstarfi við innlendar, erlendar og alþjóðlegar stofnanir á sviði mannréttinda og leggja til upplýsingar sem óskað er eftir.
- e. Stuðla að rannsóknum og fræðslu á sviði mannréttinda og stuðla að umræðu um mannréttindi í fjölmiðlum.

Mannréttindastofnun er ekki úrskurðaraðili á sviði mannréttinda og ákvarðanir stjórnvalda eða einkaaðila verða því ekki kærðar til stofnunarinnar. Mannréttindastofnun er hins vegar rétt að veita einstaklingum sem til hennar leita leiðsögn um hvernig mannréttindum verði framfylgt, þar með talið að leiðbeina um kæruleiðir hjá innlendum stjórnvöldum og alþjóðlegum stofnunum.

4. gr.

Alþingi kýs fimm menn í stjórn Mannréttindastofnunar og jafnmarga til vara til fimm ára í senn. Stjórnarmenn skulu hafa sérþekkingu á mismunandi fagsviðum, þ. á m. lagalega sérþekkingu á mannréttindamálum. Alþingi kýs formann stjórnarinnar sérstaklega en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Forsætisnefnd Alþingis ákveður þóknun stjórnarmanna.

Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Mannréttindastofnunar. Getur stjórnin meðal annars sett stofnuninni starfsreglur í því skyni. Meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar.

5. gr.

Stjórn Mannréttindastofnunar ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri annast daglega starfsemi og rekstur stofnunarinnar og ræður til hennar starfsmenn. Honum er einnig heimilt að ráða sérfræðinga til að vinna að einstökum verkefnum.

Kjararáð ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra. Honum er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf eða takast á hendur verkefni sem eigi samrýmast starfi hans.

6. gr.

Stjórn Mannréttindastofnunar skipar tíu manna ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila til tveggja ára í senn. Ráðgjafarnefnd styður Mannréttindastofnun í störfum sínum með ráðgjöf og veitingu upplýsinga og umsagna eftir því sem þörf krefur.

7. gr.

Stjórnvöld skulu þrátt fyrir þagnarskyldu veita Mannréttindastofnun allar þær upplýsingar sem hún telur þörf á til að sinna hlutverki sínu. Við upplýsingagjöf skal gætt að ákvæðum laga nr. 2000/77, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Mannréttindastofnun getur þó ekki krafist upplýsinga sem varða öryggi ríkisins inn á við eða út á við eða utanríkismál er leynt skulu fara nema með leyfi þess ráðherra sem í hlut á.

8. gr.

Mannréttindastofnun skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína og framkvæmd mannréttindamála á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert.

9. gr.

Stjórnarmenn og starfsmenn Mannréttindastofnunar, sem og aðrir þeir sem stofnunin ræður til starfa, eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

10. gr.

Lög þessi taka gildi

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.***I. Inngangur**

Frumvarp þetta er samið í innanríkisráðuneytinu en tilgangur þess er að koma á fót sjálfstæðri innlendri mannréttindastofnun (e. National Human Rights Institution) sem uppfylli svokölluð Parísarviðmið. Er það í samræmi við tilmæli m.a. frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins og mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna í tengslum við allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála á Íslandi árið 2012 (e. Universal Periodic Review). Parísarviðmiðin voru samþykkt af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1993 en þau setja viðmið og leiðbeiningar um vinnu sjálfstæðra innlendra mannréttindastofnana. Aukin áhersla hefur verið lögð á það í seinni tíð að ríki komi á fót slíkum stofnunum. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er það gert að kröfu í 2. mgr. 33. gr. að til staðar sé slík stofnun sem hluti af eftirlitskerfi samningsins. Er frumvarpið því jafnframt liður í að fullgilda þann samning.

II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar

Samkvæmt Parísarviðmiðunum er það skilyrði að almenningur geti leitað til sjálfstæðrar mannréttindastofnunar og að hún geti aðstoðað eftir atvikum við athugun og könnun á einstökum málum. Ekki þarf að vera um kæruleið að ræða til slíkrar stofnunar en það er látið í hendur aðildarríkja að ákveða slíkt fyrirkomulag. Skilyrðin sem innlendar stofnanir þurfa að uppfylla eru eftirfarandi:

- að hafa víðtækt umboð til að vinna að eflingu og vernd mannréttinda,
- að vera skilgreindar í lögum eða stjórnarskrá,
- að stjórn þeirra endurspegli borgaralegt samfélag og
- að bæði fjárhagslegt og stofnanabundið sjálfstæði þeirra sé tryggt, m.a. að þær hafi eigið starfslið og starfsstöð.

Meðal helstu verkefna sem sjálfstæðum mannréttindastofnunum er ætlað að sinna má nefna:

- að veita framkvæmdavaldinu, löggjafarvaldinu og öðrum aðilum ráðgjöf um eflingu og vernd mannréttinda og að gera úttektir á stöðu mannréttindamála í landinu,
- að vinna að virkri framkvæmd mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og samræmingu innlendra réttarframkvæmdar við þá,
- að vera með framlag við gerð eftirlitsskýrslna,
- að aðstoða við mótun kennslu og rannsókna á sviði mannréttindamála og
- að stuðla að vitundarvakningu um mannréttindi meðal almennings.

Samkvæmt Parísarviðmiðunum er einnig kveðið á um að heimilt sé að gera einstaklingum eða fulltrúum þeirra, félagasamtökum og verkalyðsfélögum kleift að kæra mannréttindabrot til stofnunarinnar sem þá skuli fjalla um kæruefnið og leitast við að:

- ná fram sáttargerð, með bindandi úrskurði sé það heimilt samkvæmt landslögum, í trúnaði, eigi það við,
- að fræða kæranda um réttindi sín, einkum hvaða úrræði standi til boða ásamt því að aðstoða viðkomandi við að sækja mál sitt,

- að taka við kærnum eða beina þeim til þar til bærs yfirvalds,
- ráðleggja stjórnvöldum, einkum varðandi endurskoðun á löggjöf og stjórnsýslu, sérstaklega hjá stofnunum sem bornar hafa verið sökum um mannréttindabrot.

III. Meginefni frumvarpsins

Með frumvarpinu er kveðið á um umboð stofnunarinnar, hún skilgreind og kveðið á um stjórn hennar. Þá er kveðið á um það í 1. gr. að hún starfi á vegum Alþingis til að tryggja sjálfstæði hennar gagnvart stofnunum ríkisins. Um hlutverk stofnunarinnar er fjallað í 3. gr. frumvarpsins og í 2. mgr. 4. gr. og 5. gr. er fjallað um hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra.

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stofnunin hafi ekki úrskurðarvald en kveðið er á um skyldu hennar til að leiðbeina þeim sem til hennar leita um kæruleiðir. Þá getur stofnunin beint tillögum og ráðleggingum til stjórnvalda. Við undirbúning frumvarpsins var ekki talið rétt að veita stofnuninni úrskurðarvald í málum, enda myndi það fela í sér skörun við verksvið ýmissa annarra aðila. Jafnframt hefur verið bent á að slík staða stofnunarinnar myndi ekki samræmast vel því hlutverki hennar að þrýsta á um aukna mannréttindavernd og/eða upptöku nýrra samninga.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var í fyrsta skipti gerð sú krafa að sjálfstæð mannréttindastofnun væri til staðar til að sinna eftirliti með framkvæmd samningsins. Má telja líklegt að í þeim samningum sem gerðir verða framvegis verði sambærileg krafa, þ.e. að slík innlend stofnun sinni eftirliti með framkvæmd mannréttindamála innanlands. Er það jafnframt í samræmi við þá áherslu sem undanfarið hefur verið lögð á að frumskylda til verndar mannréttindum hvíli á ríkjunum sjálfum og að eftirlit á alþjóðavettvangi skuli vera þeirri vernd til viðbótar. Á vettvangi Mannréttindadómstóls Evrópu og Evrópuráðsins hefur þetta verið skilgreint sem nálægðarreglan (e. principle of subsidiarity). Þá er rétt að áréttu að forsætisnefnd Alþingis er heimilt að eigin framkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna að óska eftir skýrslu stofnunarinnar. Alþingi getur þannig stundað virkt eftirlit með framkvæmd og stöðu mannréttinda á grundvelli frumvarpsins. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir því að stjórnvöld mæli nánar fyrir um verkefni sjálfstæðrar mannréttindastofnunar en fram kemur í frumvarpinu. Í reynd verði það fyrst og fremst hlutverk stjórnar stofnunarinnar að ákveða hvaða verkefni stofnunin tekur sér fyrir hendur til að vinna að því að efla og vernda mannréttindi.

Samanburður við Norðurlönd.

Noregur

Lög um sjálfstæða mannréttindastofnun í Noregi (n. Norges nasjonale institusjon for menneskerettigheter) tóku gildi 1. júlí 2015 en fram að þeim tíma hafði Mannréttindastofnun Noregs (n. Norsk senter for menneskerettigheter), sem stofnuð var árið 2001 og heyrði undir Oslóarháskóla, sinnt verkefnum líkt og mælt er fyrir um í Parísarviðmiðunum. Frumvarpið sem hér er lagt fram byggir að nokkru á norsku lögunum og gera norsk lög ekki ráð fyrir því að stofnunin hafi úrskurðarvald. Stofnuninni er stýrt af forstjóra.

Danmörk

Danska mannréttindastofnunin (d. Institut for menneske rettigheder) er elsta stofnunin af þessu tagi á Norðurlöndunum. Árið 2012 voru sett ný lög um starfsemi stofnunarinnar (d. lov om Institut for Menneskerettigheder nr. 553). Danska mannréttindastofnunin sinnir að einnig verkefnum vegna jafnréttis á grundvelli kynþáttar, þjóðernis og kyns. Auk þess hefur hún skilgreint hlutverk vegna eftirlits með framkvæmd og innleiðingu samnings Sameinuðu

Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Stofnunin sinnir verkefnum jafnt innanlands sem utan á sviði mannréttinda. Frá árinu 2014 er stofnunin einnig sjálfstæð mannréttindastofnun fyrir Grænland. Danska stofnunin hefur ekki úrskurðarvald.

Finnland

Í Finnlandi er mannréttindastofnunin samansett af umboðsmanni finnska þingsins, mannéttindaskrifstofu (e. Human Rights Centre) og mannréttindanefnd (e. Human Rights Delegation). Stjórnunarlega heyrir mannréttindaskrifstofan undir umboðsmann finnska þingsins sem skipar forstjóra mannréttindaskrifstofunnar og skipar jafnframt 20 til 40 einstaklinga í mannréttindanefndina til fjögurra ára. Finnska stofnunin hefur starfað frá árinu 2012 á grundvelli laga þar um.

Svíþjóð

Í Svíþjóð hefur ekki verið komið á fót sjálfstæðri mannréttindastofnun heldur er hlutverkinu deilt út á hina ýmsu umboðsmenn og einnig hefur Raoul Wallenberg stofnunin gegnt hlutverki mannréttindastofnunar á svipaðan hátt og Mannréttindaskrifstofa Íslands. Svíþjóð hefur þó fengið tilmæli, m.a. á grundvelli allsherjar úttektar Sameinuðu þjóðanna (e. Universal Periodic Review), um að koma sjálfstæðri mannréttindastofnun á fót.

IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar

Tilfni lagasetningar er sem fyrr segir alþjóðlegar skuldbindingar og þá fyrst og fremst samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Að auki hefur ítrekað verið skorað á Ísland á alþjóðavettvangi að koma á fót sjálfstæðri mannréttindastofnun. Markmið frumvarpsins er að tryggja betur vernd og þróun mannréttinda hér á landi og fer það fyllilega saman við ákvæði stjórnarskrár um mannréttindi. Að auki hafa Mannréttinasáttmáli Evrópu og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins verið lögfestir hér á landi og verður að telja að sjálfstæð mannréttindastofnun hafi því mikilvægt hlutverk við að tryggja fulla innleiðingu og framkvæmd þeirra laga.

Krafan um vernd mannréttinda leiðir af stjórnarskrá og ekkert í frumvarpinu hefur verið metið andstætt stjórnarskrá enda fær stofnunin ekki vald til ákvarðanatöku í einstökum málum.

V. Samráð

Frumvarpið hefur fyrst og fremst áhrif á borgara landsins sem þurfa að fylgja eftir réttindum sínum og má þar nefna hagsmunasamtök og félög einstaklinga. Að auki mun frumvarpið gera Alþingi betur kleift en áður að hafa eftirlit með framkvæmd og innleiðingu mannréttindaskuldbindinga.

Stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar hefur lengið verið til umræðu og þá sérstaklega í tengslum við innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Skal hér sérstaklega vísað til skýrslu velferðarráðherra um réttindagæslu fatlaðs fólks sem lögð var fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi. Var starfshópi þeim er vann skýrsluna sérstaklega falið að skoða réttindagæslu fatlaðs fólks í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og hvort það verkefni ætti að vera hjá ráðuneyti mannréttindamála, hvort stofna ætti sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun eða hvort veita ætti Mannréttindaskrifstofu Íslands lögbundið hlutverk til að sinna verkefninu. Var tillaga starfshópsins sú að sett yrðu lög um sjálfstæða mannréttindastofnun sem byggði á þekkingu og reynslu Mannréttindaskrifstofu Íslands. Að auki hefur stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar verið tekin fyrir í allsherjar úttekt Sameinuðu þjóðanna á

mannréttindamálum og í umræðum um þá úttekt. Í júní 2016 stóð innanríkisráðuneytið fyrir opnum borgarafundi um væntanlega úttekt Sameinuðu þjóðanna og var efnið meðal þeirra mála sem þar voru til umræðu.

Ofangreind skýrsla um réttindagæslu fatlaðs fólks var unnin af starfshópi þar sem í áttu sæti fulltrúar velferðarráðherra og innanríkisráðuneytis auk fulltrúa Geðhjálpar, Landssamtakanna Þroskahjálpar, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Öryrkjabandalags Íslands.

VI. Mat á áhrifum

Með samþykkt frumvarpsins verða hagsmunir almennings og helstu hagsmunaðila að því er varðar þróun og vernd mannréttinda hér á landi betur tryggðir en nú er. Sem fyrr segir er það einnig forsenda þess að hægt verði að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks að frumvarpið verði samþykkt.

Áhrif á stjórnýslu ríkisins verða þau að sjálfstæð mannréttindastofnun mun hafa eftirlit með og veita aðhald vegna framkvæmdar og innleiðinga mannréttindaskuldbindinga í stjórnýslunni. Gera má ráð fyrir að stjórnýslan þurfi að svara erindum og vinna gögn til stofnunarinnar en á móti kemur að stofnunin mun einnig upplýsa Alþingi um niðurstöður sínar og þannig gæti dregið úr fyrirspurnum alþingismanna til stjórnýslunnar þegar ársskýrsla stofnunarinnar verður birt reglulega. Einnig verður að telja það sjálfsagða og eðlilega kröfu að stjórnýslan svari og upplýsi um stöðu mannréttindamála. Ekki er því gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna stjórnýslunnar.

Ávinningur af samþykkt frumvarpsins er fyrst og fremst sá að þar með verður Ísland í stakk búið að fullgilda alþjóðasamninga um mannréttindi og hafa virkt og öflugt aðhald og eftirlit með þróun og vernd mannréttinda – öllum borgurum landsins til hagsbóta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að Mannréttindastofnun starfi á vegum Alþingis. Með þeim hætti má tryggja sjálfstæði hennar frá framkvæmdavaldi og staða hennar verður því með sniði sniði og staða Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis. Er það mikilvægt þar sem stofnuninni er ætlað að veita framkvæmdavaldi aðhald og eftirlit. Að auki er mælt fyrir um að meginhlutverk stofnunarinnar sé að efla og vernda mannréttindi eins og þau eru skilgreind í stjórnarskrá, lögum, alþjóðasamningum og öðrum alþjóðaskuldbindingum. Er með því í reynd verið að vísa til þess að hlutverk stofnunarinnar sé að efla og vernda öll mannréttindi. Hlutverk og umboð stofnunarinnar er því afar víðtækt og takmarkast aðeins í þeim tilvikum þar sem eftirlit samkvæmt alþjóðasamningi hefur að lögum verið falið öðrum eftirlitsaðila.

Um 2. gr.

Með ákvæðinu er kveðið á um sjálfstæði stofnunarinnar í störfum sínum. Sjálfstæði stofnunarinnar til að ráða störfum sínum er grundvallarforsenda þess að hún geti sinnt hlutverki sínu. Er því jafnframt kveðið á um að hún verði ekki háð fyrirmælum frá öðrum, þ.m.t. Alþingi. Þó getur forsætisnefnd Alþingis, að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum einstakra þingmanna, krafist skýrslna um tiltekin mál sem falla undir starfssvið stofnunarinnar. Með þeirri heimild er Alþingi þó aðeins veitt heimild til að óska eftir skýrslum en þingið getur ekki mælt frekar fyrir um verklag eða niðurstöður slíkra beiðna. Með því er þinginu veitt tækifæri til að fá greiningu eða skýrslur um framkvæmd mannréttinda.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er kveðið á hlutverk stofnunarinnar og hvernig hún skuli sinna því. Er upptalningin í samræmi við Parísarviðmiðin og þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að stjórn stofnunarinnar skuli kosin af Alþingi. Einfaldur meirihluti atkvæða dugur til kosningar. Með því að stjórn sé kosin af Alþingi er leitast við að tryggja að stjórnin sé lýðræðislega kjörin og sæki umboð sitt til kjörinna fulltrúa. Alþingi kýs einnig sérstaklega formann stjórnarinnar. Ekki er kveðið á um með hvaða hætti tilnefningar eða framboð til stjórnar komi fram. Hins vegar er rétt að benda á að þingið getur sjálft ákveðið hvernig staðið verði að þeim. Alþingi er þó háð því sem fram kemur í Parísarviðmiðunum um að stjórnin endurspegli samfélagið og að þar eigi sæti sem fjölbreyttastur hópur. Í því skyni er m.a. mælt fyrir um að stjórnarmenn skuli hafa sérþekkingu á mismunandi fagsviðum, þ. á m. lagalega sérþekkingu á mannréttindamálum. Þykir þetta nauðsynlegt til að tryggja að í stjórninni sé breið og nauðsynleg fagþekking fyrir hendi. Stjórnin skal kosin til fimm ára í senn og mun því ekki fylgja kjörtímabili þess þings sem hana kýs. Er því mikilvægt að á þingi sé góð sátt um þá sem kosnir eru til starfans. Jafnframt er kveðið á um að forsætisnefnd Alþingis ákveði þóknun stjórnarmanna. Um jafna kynjaskiptingu gilda jafnréttislög.

Í 2. mgr. er kveðið á um hlutverk stjórnar sem skal móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Jafnframt er kveðið á um að meiri háttar ákvarðanir skuli bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Gert er ráð fyrir að stjórnin muni sjálf móta reglur um hvað teljist til slíkra ákvarðana en sem dæmi mætti nefna afstöðu til stefnu stjórnvalda eða ársskýrslu stofnunarinnar. Rétt er þó að áréttu að stjórn stofnunarinnar mun sjálf móta reglur um þetta atriði og er því sérstaklega tekið fram að stjórnin hafi heimild til að setja starfsreglur fyrir stofnunina. Getur sú heimild einnig náð til verklags við skipun ráðgjafarnefndar hagsmunaaðila og annarra verkefna sem stofnunin hefur með höndum.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að stjórn stofnunarinnar ráði framkvæmdastjóra til fimm ára í senn til að annast daglega starfsemi og rekstur stofnunarinnar. Jafnframt að framkvæmdastjórinn ráði starfsmenn en að honum sé einnig heimilt að ráða sérfræðinga til að sinna sérstökum verkefnum. Þar sem stór hluti verkefna stofnunarinnar getur miðað að rannsókn eða greiningu á sérstöku sviði þykir rétt að framkvæmdastjóri geti ráðið starfsmann sérstaklega í slík verkefni.

Í 2. mgr. er kveðið á um að kjararáð ákveði laun og starfskjör framkvæmdastjóra. Að auki er kveðið á um að framkvæmdastjóra sé óheimilt að hafa önnur launuð störf eða takast á hendur verkefni sem ekki samrýmast starfi hans. Mikilvægt er að framkvæmdastjóri stofnunarinnar sé að öllu leyti óháður öðrum og geti sinnt starfi sínu af kostgæfni og á óhlutdrægan hátt. Öll önnur verkefni framkvæmdastjóra yrðu því að vera samþykkt fyrirfram af stjórn.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er kveðið á um ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Skal stjórnin skipa hana að fengnum tillögum frá hagsmunaaðilum. Ekki er nánar skýrt í greininni hverjir teljist til hagsmunaaðila en með orðinu er vísað til allra félagasamtaka sem vinna að málefnum er varða réttindi einstaklinga. Hagsmunaaðili getur einnig verið einstaklingur en ætla verður að stjórn stofnunarinnar muni setja sér starfsreglur um tilnefningar. Seta í ráðgjafarnefnd verður ekki launuð sérstaklega. Hlutverk ráðgjafarnefndar er að styðja við stjórn og stofnun og

aðstoða hana við að móta áherslur í starfi, við öflun gagna eða hverjum þeim hætti sem styður við hlutverk stofnunarinnar.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er kveðið á um rétt stofnunarinnar til aðgangs að upplýsingum stjórnvalda. Er þetta eitt af þeim skilyrðum sem þurfa að vera til staðar samkvæmt Parísarviðmiðunum svo að stofnunin geti starfrækt hlutverk sitt. Þrátt fyrir ákvæðið er stofnunin bundin af lögum um persónuvernd og er ekki gert ráð fyrir að stofnunin geti fengið viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar frá stjórnvöldum nema í samræmi við þau lög, þ.e. annað hvort með heimild Persónuverndar eða upplýstu samþykki þess sem í hlut á. Krafa á stjórnvöld um að útvega stofnuninni umbeðnar upplýsingar verður þó að teljast rík og mikilvægt að stjórnvöld leggi sig fram við að veita aðgang að upplýsingum sem óskað er eftir. Sú takmörkun er gerð á heimild stofnunarinnar að hún getur ekki krafist upplýsinga sem varða öryggi ríkisins hvort sem er innanlands eða erlendis eða um utanríkismál sem leynt skulu fara, nema með leyfi þess ráðherra sem í hlut á.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er kveðið á um skyldu stofnunarinnar til að gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína og um framkvæmd mannréttindamála á liðnu ári. Skal skýrslan gerð opinber fyrir 1. september ár hvert. Ársskýrsla til Alþingis er mikilvægur liður í því að stofnunin veiti stjórnvöldum virkt aðhald með framkvæmd og innleiðingu mannréttinda. Með því að leggja ársskýrslu stofnunarinnar fyrir haustþing gefst Alþingi tækifæri til að nýta skýrsluna til að marka stefnu eða markmið fyrir komandi þing á grundvelli hennar.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna og stjórnarmanna stofnunarinnar, sem og að hún skuli haldast þótt þeir láti af störfum. Eðli máls samkvæmt munu margir leita til stofnunarinnar með viðkvæm málefni og mikilvægt er að trúnaður ríki um þau samskipti.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er kveðið á um gildistöku.....